

REGLUGERÐ

um úthlutun á fiskveiðiárinu 2004/2005 skv. 9. gr. a í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiárinu 2004/2005 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttó-tonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Auk þess er heimilt að úthluta allt að 60 lestum samtals af þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skil-yrðum settum í 9. gr. laga a. í lögum nr. 38/1990.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorsk-ígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. mgr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmæta-
stuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fisk-
veiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005 og enginn bátur hljóta hærrí úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildarafla-heimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005, verði meiri en 450 þorskígild-
islestir samtals.

4. gr.

Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar yfir á annan bát í hennar eigu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fisk-
veiða með síðari breytingum, sbr. 9. gr. a, til þess að öðlast þegar gildi og komi til fram-
kvæmda 1. september 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.